



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2018

1811030SA SAS  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt o.fl. - fyrirkomulag innheimtu. Þingskjal 350 – 302 mál.**

Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla er málefnasvið 5 í fjármálaáætlun 2019-2023. Í áætluninni kemur fram að stefnt er að því að innheimtukostnaður ríkissjóðs lækki um 10% á umræddu árabili. Jafnframt kemur fram á bls. 182 að innheimtukostnaður ríkissjóð á árinu 2017 hafi numið 550 m.kr.

Fyrirliggjandi frumvarp má líta á sem þátt í ofangreindri vegferð. Með frumvarpinu er stefnt að einföldun á innheimtu opinberra gjalda með því að innheimta sem tollstjóri annast í dag færist yfir til ríkisskattstjóra í byrjun næsta árs. Þannig færist álagning og innheimta á eina hendi sem eykur skilvirkni og hagkvæmni í skattframkvæmd.

Frumvarpið er samið af nefnd um aukna skilvirkni í skattframkvæmd, álagningu og innheimtu opinberra gjalda sem skipuð er starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og stofnana þess. Í greinargerð kemur fram að nefndin vinnur að víðtækri endurskoðun á málaflokknum og gerir ráð fyrir að ljúka störfum eigi síðar en 1. mars nk. Þess er því að vænta að kostnaður við innheimtu og álagningu opinberra gjalda muni lækka umtalsvert á næstu misserum.

Í greinargerð með frumvarpinu er kafli sem ber heitið samráð. Er þar talið upp hverja frumvarpið snerti og eru sveitarfélög nefnd í lok nokkurrar upptalningar. Vissulega snertir frumvarpið sveitarfélögin og vel hefði farið á samráði, en ekki var boðið upp á neitt samráð.

Þá er í greinargerðinni réttilega vikið að þeim miklu breytingum sem orðið hafa á íslenska skattkerfinu sem og starfsemi og hlutverki skattyfirvalda. Segir þar ennfremur „(þ)róun í upplýsingatækni og gervigreind hefur gjörbylt vinnulagi og afköstum í skattframkvæmdinni og aukið gæði hennar til muna.“

Þrátt fyrir þessar miklu breytingar hefur það ekki breyst að sveitarfélögin greiða enn 0,5% af útsvarstekjum sínum í innheimtupóknun til ríkissjóðs. Það fyrirkomulag á rætur að rekja til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr.45/1987. Í 32.gr. þeirra laga segir: „Sveitarfélög skulu greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd þeirra.“

Lögin eru um álagningu og innheimtu opinberra gjalda í staðgreiðslu og greiðslur sveitarfélaga til ríkissjóðs eru eingöngu vegna þeirra verkefna. Í kjölfar setningar þessara laga gerðu fjármálaráðherra, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samkomulag um uppgjör á staðgreiðslu við álagningu opinberra gjalda. Nýtt samkomulag var undirritað í júní 1990 og er það enn í gildi. Samkomulagið felur í sér að ríkissjóður tekur á sig vanskil á staðgreiðslufé í þeim tilvikum þar sem búið er að gera grein fyrir launagreiðslum með skilagreinum til skattyfirvalda þar sem laun eru




sundurliðuð niður á einstaka launamenn.“ Á móti þessu fær ríkissjóður í fyrsta lagi í sinn hlut dráttarvexti og álag sem hefur innheimst og sem mun innheimtast vegna vangreiddrar staðgreiðslu. Í öðru lagi heldur ríkissjóður eftir greiðslum sem ekki hefur verið skipt niður á einstaka launamenn og skilar til sveitarfélaga þegar skipting liggur fyrir. Í þriðja lagi fellur til ríkissjóðs allt sem innheimtist af vangreiddri staðgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs eftir að uppgjör hefur farið fram. Hér er lögð áhersla á að umræddri innheimtuþóknun er ekki ætlað að greiða fyrir ábyrgð ríkissjóðs á fullum skilum staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga. Innheimtuþóknin er ekki nefnd á nafn í samkomulaginu og ábyrgð ríkissjóðs á skilum ekki nefnd í fyrrnefndum lögum.

Á síðasta ári greiddu sveitarfélög 1.038 m.kr. í innheimtuþóknun til ríkissjóðs sem er verulega umfram allan innheimtukostnað ríkisins, eða sem nemur 488 m.kr. Sambandið hefur margsinnis krafist þess að innheimtuþóknunin verði lækkuð, síðast í umsögn sinni um fjárlagafrumvarp 2019.

Árið eftir að lög um staðgreiðslu voru sett, þ.e. árið 1990, nam innheimtuþóknun ríkissjóðs 63 m.kr. Hækkun til ársins 2017 nemur 1.541%, sem er 439% umfram verðlag, til ársins 2017. Hækkunin er 209% umfram hækkun launavísitölu.

Í myndinni hér að neðan er annars vegar sýnd þróun innheimtuþóknunarinnar eins og hún hefur verið og hins vegar er þóknun ársins 1990 framreiknuð annars vegar með vísitölu neysliverðs og hins vegar með launavísitölu. Myndin ber með sér að þegar verkefni hafa flust frá ríki til sveitarfélaga og útsvarshlutfall hækkað, þ.e. 1996-1997 og 2011, hafa tekjur ríkissjóðs af innheimtunni aukist.



Framreiknuð með vísitölu neysliverðs svarar innheimtuþóknun ársins 1990 til 193 m.kr. árið 2017, sem er aðeins 18,5% af þóknun ríkisins á því ári. Til að fá þær tekjur hefði 0,09% innheimtuhlutfall verið nægjanlegt. Þegar innheimtuþóknun 1990 er framreiknuð með launavísitölu svarar hún til 336 m.kr. árið 2017, eða tæpum þriðjungum af þóknun ríkisins árið 2017. Innheimtuhlutfall 0,16% hefði nægt til að skila þeim tekjum.



Í þessum útreikningi er ekki tekið tillit til tæknibreytinga sem vafalítið hafa lækkað tilkostnað við innheimtu verulega eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Ekki er óeðlileg að miða við 1% framleiðniaukningu á ári og samsvarandi lækkun kostnaðar. Framreiknuð með launavísitölu að teknu tilliti til framleiðniaukningar verður innheimtuþóknun 1990 sem svarar til 257 m.kr. árið 2017 og 0,12% innheimtuhlutfalls. Þessar niðurstöður eru dregnar saman í eftirfarandi töflu.

	Framreikningur frá 1990 til 2017 m.kr.	Hlutfall af innheimtu- þóknun	Innheimtu- hlutfall í stað 0,5%
<b>M.v. vísitölu neysluverðs (VNV)</b>	193	18,5%	0,09%
<b>M.v. launavísitölu (LVT)</b>	336	32,4%	0,16%
<b>M.v. launavísitölu (LVT) og 1% framleiðniaukningu</b>	257	24,7%	0,12%

Þessar niðurstöður sýna hversu víðsfjarri innheimtuþóknunin er raunverulegum kostnaði ríkissjóðs af innheimtunni er.

Fyrirliggjandi frumvarp gefur sannarlega tilefni til að ítreka kröfu sambandsins um endurskoðun á innheimtuþóknun vegna staðgreiðslu útsvars með talsverðum þunga. Sambandið hefur tekið málið upp á samráðsvettvangi við ráðuneyti fjármála og sveitarstjórna, en telur einnig rétt að gera Alþingi grein fyrir málinu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri